# Jörð

5 ára



Jörðin okkar er hnöttótt
Hún skiptist í  lönd og sjó.



Undir landinu og sjónum eru
hraunflekar sem hreyfast lítillega og

reksat stundum saman þá verður jarðskjálfti.




Undir hraunflekanum er eldur. Þegar það kemur gat á flekann kemur eldurinn upp um gatið og þá verður eldgos.



Jörðin fer einn hring á sólahring

Það tekur 24 klukkutíma.

Sem sagt einn dag og eina nótt.



Við verðum að passa okkur og ganga vel um jörðina.



Allt fólkið og dýrin í heiminum eiga aðeins þessa einu jörð.



Við pössum að  skemmum hana ekki með því að flokka rusl og hugsa fallega og vel um hana. Nota minna af plasti og eiturefnum sem fara illa með hana.

Teikna mynd af jörð bókina  og endurvinnslumerkið í kringum hana. Eins teikna tvö börn, hjörtu og tré á hana, þeir sem vilja gætu teiknað eitt dýr líka.




https://ordogvisindileikskolabarna.wordpress.com/log-og-baekur/thusaldarljod/

**Jörð** (eitt af Þúsaldarljóðum eftir Sveinbjörn og Tryggva Baldvinssyni)

Ég fæddist í landi sem lifir
og lætur mig muna eftir sér.
Víðernin vaka mér yfir
og vasklegur fjallanna her.

Ég leik mér í grasinu græna
sem gælir við fótsporin mín,
sest þreyttur á þúfuna væna.
Hún þylur mér leyndarmál sín.

Þótt ég hafi fisléttar fætur
og ferðist um heimshornin víð
á hjarta mitt rammgerðar rætur
í regnþungum mó undir hlíð.

Sem logi í innjarðar óni
er allt niðri í moldinni geymt,
sem reynt hefur fólk hér á Fróni
því fundist, það vonað og dreymt.

Úr jarðvegi djúpum og dökkum,

dýrindis blómstur og strá

blasa við brosleitum krökkum

sem bera heim vendina smá.